

AMX, nýr fréttaskýringavefur, hefur göngu sína

Fréttaskýringavefurinn AMX opnaði í morgun á vefslóðinni amx.is. Vefurinn er fyrsti sérhæfði fréttaskýringavefurinn hérlandis. Á vefnum er höfuðáhersla lögð á miðlun fréttu og greinargóðar fréttaskýringar á málefnum líðandi stundar í viðskiptum, efnahagsmálum og stjórnmálum.

Ritstjórnarstefna vefsins byggist á borgaralegum gildum og er ritstjórn óháð stjórnmálaflokkum og hagsmunasamtökum en tekur afstöðu til málefna á grunni hugmynda um frelsi einstaklingsins.

Ritstjórar AMX eru þeir Óli Björn Kárason og Jónas Haraldsson.

Eigandi vefsins er einkahlutafélagið Straumröst ehf. en að því standa þeir Arthúr Ólafsson, Friðbjörn Orri Ketilsson, Jónas Haraldsson og Óli Björn Kárason.